

**Nd.**

**515. Framvarp**

til laga um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þingskjali 342, með þessum breytingum :

26. gr. hljóðar svo :

Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

31. gr. hljóðar svo :

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum

eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefir aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefir valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn; þegar slysið varð, en aðeins í vændum.